

Föstudaginn 10. nóvember 1967.

Nr. 208/1966. **Sveinn G. Kristjánsson**

(Benedikt Blöndal hrl.)

gegn

Steindóri V. Sigurjónssyni

og

Samvinnutryggingum

(Sveinn Haukur Valdimarsson hrl.).

Dómenður:

hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Einar Arnalds, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Ármann Snævarr.

Bifreiðar. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 22. september 1966, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. s. m. og krafist þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og stefndu óskipt dæmt að greiða honum kr. 14.344.00 með 7% ársvöxtum frá 24. marz 1963 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og að áfrýjanda verði dæmt að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti.

Af málavöxtum, sem rækilega er lýst í héraðsdómi, er ljóst, að hvorugur ökumanna bifreiðanna R 2062 og R 5103, áfrýjandi og stefndi Steindór, sýndu næga aðgæzlu við akstur bifreiðanna. Áfrýjandi sá ekki R 5103, fyrr en um leið og árekstur varð milli bifreiðanna, og gætti ekki lögskipaðrar biðskyldu við mót Bústaðavegar og Háaleitisbrautar, sbr. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 26/1958. Stefndi Steindór þykir eftir atvikum hafa ekið of hratt, en hámarkshraði eftir Bústaðavegi er 35 km miðað við klukkustund, sbr. auglýsingu nr. 95/1958 um breytingu á lögreglusamþykkt Reykja-

víkur nr. 2/1930. Hann sá ekki til bifreiðarinnar R 2062, fyrr en stuttu áður en hann kom að greindum vegamótum og leit þá af henni, og varð hvorki hennar né annarrar umferðar var, fyrr en rétt í sama mund og árekstur varð milli þessara bifreiða. Þá kom hann ekki auga á bifreiðina R 4772 og mennina tvo hjá henni, fyrr en á því augnabliki, að bifreið hans rakst á þá bifreið og mennina.

Að þessu athuguðu þykir rétt að skipta sök þannig, að áfrýjandi beri sjálfur tjón sitt að $\frac{3}{5}$ hlutum, en stefndu bæti honum það að $\frac{2}{5}$ hlutum.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefndu til að greiða áfrýjanda óskipt kr. 5.737.60 ásamt vöxtum, eins og krafist er. Þá ber að dæma stefndu til að greiða áfrýjanda óskipt málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 12.000.00.

Dómsorð:

Stefndu, Steindór V. Sigurjónsson og Samvinnutryggingar, greiði áfrýjanda, Sveini G. Kristjánssyni, óskipt kr. 5.737.60 ásamt 7% ársvöxtum frá 24. marz 1963 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 12.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 28. marz 1966.

Mál þetta, sem dómtekið var 22. þ. m., höfðaði Sveinn G. Kristjánsson, Bólstaðarhlíð 28 í Reykjavík, fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 17. desember 1963, gegn Steindóri V. Sigurjónssyni, Ásgarði 95, og Samvinnutryggingum, báðum hér í borg, til greiðslu in solidum á skaðabótum að fjárhæð kr. 11.950.00 með 7% ársvöxtum frá 24. marz 1963 til greiðsludags og málskostnaði að mati dómarans.

Við hinn munnlega málflutning hækkaði stefnandi kröfur sínar

með samþykki stefndu án framhaldsstefnu í kr. 14.344.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 24. marz 1963 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Auk þess krafðist hann málskostnaðar að mati dómarans.

Stefndu hafa *aðallega* krafizt sýknu af dómkröfum stefnanda, en *til vara*, að stefnukrafan verði stórlega lækkuð. Í báðum kröfum krefjast stefndu málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómarans.

Málsatvik eru þau, að um klukkan 1415 sunnudaginn 24. marz 1963 varð árekstur með bifreiðunum R 2062, eign stefnanda, og R 5103, eign stefnda Steindórs, á gatnamótum Háaleitisvegur og Bústaðavegur hér í borg. Heiðskírt var og þurrt. Skemmdust báðar bifreiðar nokkuð.

Stefnandi hefur skýrt svo frá, að hann hafi ekið bifreið sinni suður Stóragerði og Háaleitisveg á hægri ferð. Er hann hafi komið að umræddum gatnamótum, hafi hann stöðvað bifreiðina við þau og litið eftir umferð til beggja hliða eftir Bústaðavegi. Hafi hann séð bifreið koma vestur veginn, skammt austan gatnamótanna. Hafi hann hleypt bifreið þessari fram hjá og litið aftur eftir Bústaðaveginum, en enga umferð séð nálgast. Hafi hann þá ekið hægt af stað yfir gatnamótin. Er bifreiðin hafi verið komin á ca. gangandi manns ferð og verið búin að fara ca. eina til eina og hálfa bíllengd sína, hafi áreksturinn orðið. Hann kvaðst ekki hafa séð R 5103 fyrr en á því augnabliki, sem bifreiðarnar komu saman, eða orðið hennar fyrr var. R 5103 hafi verið ekið austur Bústaðaveg og hafi honum virzt hraði þeirrar bifreiðar mikill. Hann kvaðst hafa hemlað samstundis og áreksturinn varð. Við áreksturinn hafi R 2062 henzt til vinstri undan högginu. Eftir áreksturinn hafi R 5103 runnið í boga frá R 2062 að suðurbrún Bústaðavegar. Austan við gatnamótin á suðurbrún Bústaðavegar hafi staðið bifreiðin R 4772 og við hlið hennar tveir menn. Kvaðst hann ekki hafa séð annað eftir stefnu R 5103 en að öku- maðurinn mundi aka yfir báða mennina. Öðrum tókst þó að forða sér, en hinn varð fyrir R 5103. Samtímis hafi R 5103 skollið á R 4772 og kastað þeirri bifreið aftur á bak í boga út af veginum.

Stefndi Steindór hefur skýrt svo frá, að hann hafi ekið bifreið sinni austur Bústaðaveg. Hraðamælir hafi ekki verið í lagi og því gæti hann ekki fullyrt um hraðann, en gizkar á, að hann hafi verið 40 kílómetrar. Er hann hafi verið staddur á lóðinni, sem er næst vestan við umrædd gatnamót, hafi hann dregið úr

ferð bifreiðarinnar með því að létta á benzíngjöf. Hann kvaðst ekki hafa séð til ferða R 2062, fyrr en hann hafi átt stutt eftir að gatnamótunum og hafi sér virzt sú bifreið þá vera að stanza. Hann kvaðst hafa vitað, að biðskylda var við Bústaðavegin og því hafi hann reiknað fastlega með því, að ökumaður R 2062 mundi stöðva. Síðan hafi hann ekki fylgzt frekar með þeirri bifreið, þar sem hann hafi ekki séð sér stafa hætta af henni. Hann kvaðst ekki muna, hvort hann hafi litið til hægri, en hvernig sem á því hafi staðið, hafi hann ekki séð R 4772 og ekki veitt því athygli, að umferð kæmi á móti. Hann kvaðst hafa ekið eftir vinstri helmingi vegarins, er að gatnamótunum kom. Hafi hann þá allt í einu séð, að R 2062 hafi verið að renna fram fyrir bifreið sína, en þá hafi hann alveg verið kominn að bifreiðinni. Kvaðst hann þá hafa aukið ferðina og jafnframt beygt til hægri undan bifreiðinni, eins og hann hafi haft ráðrúm til. Engum togum hafi skipt, að R 2062 hafi rekizt á bifreið hans, aftast á framhurðina vinstra megin. Við áreksturinn hafi bifreið hans kastazt til hægri að aftan. Í beygjunni frá R 2062 hafi bifreið hans farið alveg út á hægri vegarbrún. Er þangað kom, hafi hann séð ljósa-staur, sem standi á suðausturhorni gatnamótanna. Hafi hann orðið að þverbeygja frá staurnum til vinstri til að lenda ekki á honum. Alveg í því hafi hann séð R 4772 framundan, en fyrr hafi hann ekki séð þá bifreið eða mennina við hana. Á því sama augnabliki hafi bifreið hans skollið á R 4772 og hafi bifreið hans þá verið í beygju til vinstri frá staurnum. Hafi annar mannanna fallið upp á vélarhús bifreiðar hans. Síðan hafi bifreið hans runnið yfir veginn og staðnæmzt á skurðbakka norðan vegarins með framhjólin niður í skurðinum. Hann kvað ekkert hafa truflað akstur sinn, fyrr en hann hafi séð R 2062 stefna allt í einu í veg fyrir hann. Hafi mikið fát komið á hann, er áreksturinn varð.

Vitnið Alexander Stefánsson kvaðst hafa verið farþegi í R 2062 og setið vinstra megin í aftursæti bifreiðarinnar. Kvað vitnið ökumanninn hafa ekið hægt að gatnamótunum. Er þeir hafi nálgazt þau, hafi bifreið komið austan Bústaðavegin. Hafi ökumaður R 2062 stöðvað bifreiðina og hleypt þeirri bifreið fram hjá gatnamótunum. Hafi vitnið þá séð bifreið stöðvaða á suðurbrún Bústaðavegar, austan við gatnamótin, og hafi tveir menn staðið við hana. Ökumaður R 2062 hafi síðan ekið hægt af stað og ætlað suður yfir gatnamótin, en er bifreiðin hafi verið nýkomin af stað, skeði áreksturinn við R 5103. Fyrr kvaðst vitnið ekki hafa séð þá bifreið. R 5103 hafi síðan skollið á hinni kyrrstæðu

bifreið og mönnunum, en síðan hafnað í skurði norðan Bústaðavegar. Allt hafi þetta skeð með svo skjótum hætti, að vitnið gat ekki lýst atvikum nánar. Kvað vitnið sér hafa fundizt R 5103 bera að sem kólfi væri skotið, en annað gat það ekki borið um akstur þeirrar bifreiðar.

Vitnið Árelíus Sveinsson kvaðst hafa verið farþegi í R 2062 og setið hægra megin í aftursæti. Vitnið kvað ökumann R 2062 hafa stöðvað, er að gatnamótunum kom, og hleypt bifreið fram hjá, sem ekið var vestur Bústaðaveg. Kvaðst vitnið ekki hafa litið eftir umferðinni, er ökumaðurinn hafi farið af stað, og hafi því ekki séð til ferða R 5103. Hins vegar kvaðst vitnið hafa verið búíð að sjá kyrrstæða bifreið við gatnamótin á suðurbrún Bústaðavegar og hafi tveir menn staðið við hana. Kvaðst vitnið síðan ekki hafa vitað fyrr til en R 2062 hafi stöðvazt allt í einu, og alveg á sama augnabliki varð áreksturinn. Þá fyrst hafi vitnið séð R 5103 og samtímis séð, að sú bifreið hafi verið á mikilli ferð. Hafi hraði bifreiðarinnar virzt ekkert minnka við áreksturinn. Ökumaður hennar hafi sveigt út á hægri vegarbrún og þá rétt kominn á ljósastaur, en síðan til vinstri og hafi bifreiðin þá skolið á hina kyrrstæðu bifreið og mennina.

Vitnið Gunnlaugur K. Hreiðarsson kvaðst hafa verið farþegi í R 5103 og setið hægra megin í framsæti bifreiðarinnar. Kvaðst það gizka á, að bifreiðinni hafi verið ekið á 30 til 40 kílómetra hraða, er að gatnamótunum kom, því að ökumaðurinn hafi hægt ferðina, er hann nálgadist þau. Vitnið kvaðst ekki muna eftir því, að þeir hafi mætt bifreið, áður en að gatnamótunum kom, en það kvaðst hafa séð Volkswagen-bifreiðina (R 4772) koma á móti þeim austan gatnamótanna, er þeir hafi verið fyrir vestan þau. Einnig kvaðst vitnið hafa séð til ferða R 2062, sem komið hafi að Bústaðaveginum, þeim á vinstri hönd. Vitnið kvaðst ekki hafa séð, að sú bifreið væri stöðvuð, heldur hafi hún lullað hægt áfram. Kvaðst vitnið hafa fylgzt með bifreiðinni, þar til áreksturinn varð, og hafi því virzt hún halda áfram sömu hægu ferðinni, þar til hún rakst á vinstri hlið R 5103. Ökumaður R 5103 hafi beygt frá R 2062 til hægri og jafnframt hafi því fundizt hann auka ferð bifreiðarinnar. Kvaðst vitnið hafa kastað sér á gólf bifreiðarinnar, er áreksturinn varð, og því ekki fylgzt með atvikum eftir það.

Vitnið Jón Stefánsson kvaðst hafa verið farþegi í R 4772. Ökumaðurinn hafði stöðvað bifreiðina á syðri brún Bústaðavegar, austan gatnamótanna. Er vitnið hafi verið komið út úr bifreið-

inni, hafi það litið til vesturs og hafi þá orðið árekstur með hinum umræddu bifreiðum. Hafi því fundizt ökuhraði R 2062 vera lítill, en R 5103 hafi því virzt vera á töluverðri ferð. Eftir áreksturinn hafi R 5103 beygt til hægri og stefnt þá á ljósastaur, sem stóð á suðausturhorni gatnamótanna. Á síðasta augnabliki hafi ökumanninum tekizt að beygja frá staurnum og stefndi þá á R 4772. Skall R 5103 síðan á R 4772, en vitnið kvaðst hafa getað forðað sér á síðasta augnabliki.

Vitnið Hermundur H. Björnsson kvaðst hafa verið farþegi í R 4772. Hafi það litið eftir umferð, áður en það opnaði hurðina, og stigið út úr bifreiðinni, en ekkert farartæki hafi nálgazt. Er það var komið út úr bifreiðinni, hafi það litið eftir Bústaðaveginum og hafi áreksturinn þá skeð. Árekstrarbifreiðarnar hafi báðar verið á ferð, R 2062 á mjög hægri ferð, en R 5103 hafi aftur á móti verið á mjög mikilli ferð.

Vitnið Ingimundur Eyjólfsson kvaðst hafa verið statt við heimili sitt, sem standi norðan Bústaðavegar, ca. 100 metra austan gatnamótanna, og hafi það séð vel yfir vettvanginn. Það kvaðst hafa orðið slyssins fyrst vart á þann hátt, að það hafi heyrt skellinn við áreksturinn. Er það hafi litið til, hafi R 2062 verið stöðvuð, en R 5103 verið í beygju til hægri frá R 2062 og hafi því virzt vera talsvert mikil ferð á bifreiðinni. R 5103 hafi síðan beygt til vinstri frá ljósastaur, sem þarna er, og skolið því næst á R 4772.

Stefnandi byggir kröfur sínar í málinu á því, að ökumaður R 5103 eigi alla sök á árekstrinum. Hann hafi ekið bifreiðinni allt of hratt. Hann hafi séð bifreið stefnanda við gatnamótin, en fylgzt síðan ekkert með henni eða annarri umferð. Þá hafi hann ekki hemlað, er hann sá, að áreksturinn var að verða, heldur auki hann ferð. Það hafi þó aðallega verið hin mikla ferð á R 5103, sem orsakað hafi áreksturinn, enda megi ráða af akstri hans eftir áreksturinn, að hann hafi verið á ofsahraða. Stefnandi hafi ekið bifreið sinni eðlilega. Hann stöðvi bifreið sína við biðskyldumerkið og síðan ekið rólega yfir gatnamótin, en hann sá enga bifreið nálgast þau.

Sýknukrafa stefndu er þeim rökum studd, að stefnandi eigi einn alla sök á árekstrinum. Hann hafi stöðvað við Bústaðavegin, svo sem honum hafi borið, þar sem hann sé aðalbraut og merktur sem slík við Háaleitisbraut. Stefnandi ók hins vegar af stað inn á gatnamótin í veg fyrir R 5103. Á hér umræddum stað sé opið svæði og því hefði stefnandi átt að sjá til ferða R 5103, ef hann

hefði hugað að umferð vestan Bústaðavegar. Ósannað sé í málinu, að ökuhraði R 5103 hafi verið meiri en 30—40 km á klukkustund. Vitni, sem borið hafi vætti, viti ekki um hraða bifreiðarinnar fyrir áreksturinn. Sé því ljóst, að með því að aka inn á Bústaðaveginna í veg fyrir R 5103 eigi stefnandi alla sök á árekstrinum. Benda stefndu á það, að það hafi verið stefnandi, sem ók á R 5103, en ekki öfugt. Þá benda stefndu á það, að ekkert verði ráðið um hraða R 5103 fyrir áreksturinn af akstri bifreiðarinnar eftir hann. Aðstaða hafi verið slík, að ökumaður hennar hálfmissi stjórn á bifreiðinni og hann hafi aukið hraða bifreiðarinnar til að forðast árekstur.

Varakrafa stefndu er studd þeim rökum, að stefnandi eigi að minnsta kosti $\frac{2}{3}$ hluta sakar á árekstrinum, svo og að stefnukrafa hans sé of há. Benda stefndu á það vegna kröfu um málskostnað, að stefnanda hafi verið boðnar bætur til samkomulags, sem námu $\frac{1}{3}$ hluta tjónsins. Hafi málssókn þessi því verið þarflaus og beri þeim því málskostnaður úr hendi stefnanda, ef sök hans telst meiri en $\frac{2}{3}$ hlutar.

Dómarinn hefur farið á vettvang til könnunar á aðstæðum. Umrædd gatnamót eru á óbyggðu svæði, og er útsýni gott og vítt bæði frá Bústaðavegi og Háaleitisvegi. Bústaðavegur nýtur aðalbrautarréttar og er merktur sem slíkur við vegamót Háaleitisvegar. Stefnanda bar því skilyrðislaust að víkja fyrir umferð um Bústaðaveginna, sbr. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga. Hann hefur haldið því fram, að hann hafi ekki séð R 5103, fyrr en áreksturinn var að ske. Ökumaður þeirrar bifreiðar svo og farþegi hans höfðu séð R 2062, áður en þeir komu að gatnamótunum. Eins og aðstæðum er háttað á umræddum stað, verður að telja stefnanda hafa átt að sjá til ferða R 5103, ef hann hefði haft fulla aðgát við aksturinn. Með því að aka inn á gatnamótin í umrætt sinn þykir stefnandi eiga meginsök á árekstrinum.

Hins vegar hafði ökumaður R 5103 séð til ferða R 2062, áður en að gatnamótunum kom, en síðan hefur hann ekki frekar fylgt með þeirri bifreið. Þykir hann með því ekki hafa sýnt þá aðgæzlu, sem af honum er krafist. Í annan stað þykir ljóst, þegar virtur er akstur hans eftir áreksturinn, að hann hafi ekið bifreið sinni of hratt miðað við aðstæður. Þykir hann af þessum sökum því einnig eiga nokkra sök á árekstrinum.

Með hliðsjón af öllum atvikum þykir rétt að líta svo á, að stefnandi hafi átt sök að árekstrinum að $\frac{2}{3}$ hlutum, en ökumaður R 5103 að $\frac{1}{3}$ hluta. Ber því að dæma stefndu til að greiða

stefnanda $\frac{1}{3}$ hluta af tjóni hans, sem hann beið við áresturinn.

Einn liður í kröfugerð stefnanda eru bætur vegna afnotamissis bifreiðarinnar, 10 dagar, meðan viðgerð fór fram á henni, kr. 300.00 á dag. Stefndu hafa einungis mótmælt fjárhæðum stefnanda að því leyti, að kr. 300.00 á dag sé of há fjárhæð fyrir afnotamissi. En þar sem stefnandi er leigubifreiðarstjóri og notar bifreið sína sem slíkt atvinnutæki, má fallast á það að dæma þá fjárhæð á dag í atvinnutjón. Ber því að leggja kröfufjárhæð stefnanda til grundvallar dómi í málinu. Ber að dæma stefndu samkvæmt framansögðu til að greiða $\frac{1}{3}$ hluta þeirrar fjárhæðar, eða kr. 4.781.33, með vöxtum, eins og krafizt hefur verið.

Eftir þessari niðurstöðu ber að dæma stefndu til að greiða stefnanda málskostnað, enda þykir stefnandi hafa haft réttmæta ástæðu til að leita úrskurðar dómstóla þrátt fyrir það, að stefndu hafi áður boðið honum bætur að þeim hluta, sem hér er dæmt. Þykir málskostnaður honum til handa hæfilega ákveðinn kr. 2.200.00.

Emil Ágústsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Steindór V. Sigurjónsson og Samvinnutryggingar, greiði annar fyrir báða og báðir fyrir annan stefnanda, Sveini G. Kristjánssyni, kr. 4.781.33 með 7% ársvöxtum frá 24. marz 1963 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og kr. 2.200.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.